



## LANDSSAMTÖK LÍFEYRISSJÓÐA

Efnahags- og skattanefnd Alþingis  
Alþingi  
150 Reykjavík

Reykjavík, 30. apríl 2008

Efnahags- og skattanefnd Alþingis hefur með bréfi til Landssamtaka Lífeyrissjóða, dags. 10. apríl s.l., óskað eftir umsögn um frumvarp tillaga um breyting á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum, 528. mál.

Í athugasemdum með frumvarpinu er þess getið að meginbreytingin felist í því að lífeyrissjóðum verði nú heimilt að taka þátt í skipulegum lánamarkaði með verðbréf. Nokkrar aðrar breytingar eru einnig lagðar til, sem stefna að auknum sveigjanleika við ráðstöfun lífeyrisréttinda og greiðslu ellilífeyris, auk nokkurra smærri breytinga.

Landssamtök lífeyrissjóða hafa farið yfir umrætt frumvarp og gera engar athugasemdir við þær breytingar sem lagðar eru til í 1.gr. til 5. gr. frumvarpsins. Allar þær breytingar eru í samræmi við tillögur Landssamtaka lífeyrissjóða, sem kynntar voru fjármálaráðuneytinu s.l. hausti.

Hvað snertir 6.gr. frumvarpsins er varðar breytingar á 36. gr. lífeyrissjóðalaganna, einkum um heimildir lífeyrissjóða til verðbréfalána, skal eftirfarandi sérstaklega tekið fram.

Landssamtök lífeyrissjóða réðust í ítarlega úttekt á þeim reglum sem gilda um fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða og móttun fjárfestingarstefnu fyrir sjóðina. Meginniðurstaða þeirrar úttektar var sú að þær breytingar sem gerðar hafa verið fyrir tilstuðlan samtakanna frá gildistöku lífeyrissjóðalaganna hafa gefist vel og verið til þess fallnar að gera sjóðunum fært að ná betri ávöxtun á eignir sjóðanna en ella hefði orðið.

Niðurstaða af framangreindri úttekt var jafnframt sú að gerðar voru tillögur að tillitkunum breytingum á gildandi reglum um fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða sem lúta að afmörkuðum en mikilvægum þáttum í fjárfestingarheimildum sjóðanna. Í þeirri úttekt var ekki að finna ákvæði um heimildir til lífeyrissjóða til verðbréfalána.

Íafnframt var kynnt sú hugmynd að færa einstakar takmarkanir inn í reglugerð en hafa grundvallarreglur áfram í lögum, með það að markmiði að gera löggjafanum og framkvæmdavaldinu betur kleift að fylgja eftir þróun á fjármálaþörfum og mæta þörf sjóðanna fyrir þróun reglna um fjárfestingarheimildir í framtíðinni.

Landssamtök lífeyrissjóða hafa kynnt fjármálaáðuneytinu þá afstöðu sína að mikilvægt sé að rýmka reglur lífeyrissjóðanna varðandi fjárfestingarheimildir þeirra. Þó svo að þessar tillögur hafi að sinni ekki náð fram að ganga er þó ljóst að megin-tilgangur frumvarpsins um heimildir sjóðanna um verðbréfalán er til rýmkunar á fjárfestingarheimildum sjóðanna.

Landssamtök lífeyrissjóða mæla með samþykki frumvarpsins, en telja þó eðlilegt að gildistöku ákvæða vegna heimilda lífeyrissjóða til innlendra verðbréfalána skv. 6. gr. verði frestað.

Í ljósi aðstæðna á verðbréfamörkuðum og undirbúnings af hálfu sjóðanna, m.a. vegna breytinga á fjárfestingastefnum þeirra er eðlilegt að sjóðunum gefist nægur tími til að mæta þessum auknu heimildum sem gera lífeyrissjóðunum kleift að taka þátt í viðskiptum á skipulögðum lánamarkaði með innlend verðbréf.

Virðingarfyllt

LANDSSAMTÖK LÍFEYRISSJÓÐA

